

MYNDSTEF

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bókmenntasjóð, 513. mál, heildarlög

Með bréfi frá menntamálanefnd alþingis dags. 12. febrúar 2007 var Myndstefi sent til umsagnar frumvarp til laga um bókmenntasjóð 513. mál.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að lög um menningarsjóð nr. 79/1993, lög um þýðingarsjóð nr. 35/1981 og lög um Bókasafnssjóð höfunda nr. 33/1997 falli úr gildi.

Af Myndstefs hálfu er vakin athygli á því að síðastnefndu lög, þ.e. um Bókasafnssjóð höfunda, fjalla um greiðslur til höfunda vegna útlána á verkum þeirra á bókasöfnum. Um er að ræða rithöfunda, fræðibókahöfunda og þá myndhöfunda sem eiga myndir í verkum sem eru til útlána í íslenskum söfnum. Hér er um að ræða bætur vegna afnota almennings af þessum verkum og er þeim síðan skipt á milli höfunda eftir ákveðnum reglum. Stjórn Bókasafnssjóð höfunda er skipuð fulltrúum frá Rithöfundasambandi Íslands, Hagþenki – félagi höfunda fræðiritra og kennslugagna og Myndstefi vegna höfundar sem eiga myndverk í bókum. Með þessum hætti er verið að tryggja að allir þeir höfundar sem eiga vernduð verk í bókum sem eru til útlána í bókasöfnum hafi fulltrúa í stjórn sjóðsins. Rök fyrir því eru m.a. að hér er í raun og veru verið að skipta eigin fé þ.e. greiðslum sem höfundarnir eiga sjálfir og eru bætur vegna útlána bóka í bókasöfnum.

Þar sem ekki er um að ræða opinbera styrki til höfunda telur stjórn Myndstefs eðlilegt að um þessa fjármuni sé fjallað í sérlægum eins og verið hefur hingað til og er því þegar af þeirri ástæðu á móti þessum lagabreytingum. Sérstök athygli er vakin á því að með þessu nýja frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að myndhöfundar eigi neinn fulltrúa í stjórn þessa nýja sjóðs og það þrátt fyrir að myndefni sé sífellt að aukast í allri útgáfu bóka og telur stjórn Myndstefs að með þessu frumvarpi sé menntamálaráðuneytið að sýna myndhöfundum fullkomið skilningsleysi.

Stjórn Myndstefs beinir því eindregnum tilmælum til menntamálanefndar alþingis að verði frumvarp þetta að lögum frá alþingi verði því breytt þannig að myndhöfundar fái fulltrúa í stjórn sjóðsins.

Þá bendir stjórn Myndstefs á að verði frumvarp þetta óbreytt að lögum þá geta erlendir höfundar sem eru EES - ríkisborgarar sótt um úthlutun vegna afnota verka þeirra á bókasöfnum en það er þvert á þá stefnu sem ríkisstjórnir annarra Norðurlanda hafa uppi í

skyldum málum. Athugasemdir ESA sem urðu þess valdandi að þetta frumvarp var lagt fram hafa ekkert gildi og eru beinlínis þvert á meðferð nágranna okkar á Norðurlöndum í þessum málaflokki. Ætla má að verði þetta frumvarp að lögum komi frægir erlendir höfundar sem þýddir hafa verið á íslensku til með að taka til sín megnið af þeim fjármunum sem hér er um að ræða.

Með tilvísun til ofanritaðs er stjórn Myndstefs andvíg efni þessa frumvarps og leggur til að frumvarpið verði lagt til hliðar og að sú skipun sem nú gildir varðandi þessi málefni verði óbreytt.

f.h. stjórnar Myndstefs


Knútur Bruun, form.